



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Markviss íslenskukennsla fjöltyngdra nemenda með áherslu á ríkan orðaforða, sterka sjálfsmynd og félagsfærni í leik og starfi



Foldaskóli, Hamraskóli, Húsaskóli og Kelduskóli
Skólaárið 2019-2020

Pálína Þorsteinsdóttir verkefnastjóri



Efnisyfirlit

1. <i>Inngangur</i>	2
2. <i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	2
3. <i>Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra</i>	3
4. <i>Mat á verkefninu</i>	3
6. <i>Kynning</i>	4
<i>Fylgiskjöl</i>	4

1. Inngangur

Hamraskóli, Húsaskóli og Foldaskóli ákváðu á vordögum 2019 að sækja um styrk í þeim tilgangi að styrkja og efla kennslu fjöltyngdra nemenda og barna af erlendum uppruna.

Tengja átti verkefnið við þætti menntastefnunnar eins og læsi, sjálfseflingu, félagsfærni og sköpun. Skólarnir ætluðu að nýta þann mannauð sem í skólunum er með markvissri teymisvinnu í samstarfi við háskólasamfélagið. Nýta átti rannsóknir til að finna vænlegar leiðir til árangurs. Fyrirhugað var samstarf við frístundaheimili skólanna þar sem vinna átti markvisst á báðum stöðum með styrkingu orðaforða og sjálfsmyndar.

Í umsókninni var lagt upp með að:

- Auka orðaforða, lesskilning og tjáningarfærni fjöltyngdra nemenda.
- Efla sjálfsmynd og trú á eigin getu og stuðla að góðri líðan.
- Efla félagsfærni þeirra, hæfni og samskipti í skólasamfélaginu.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Í skólunum þremur er nokkur fjöldi fjöltyngdra barna og fjölgar þeim stöðugt. Skólarnir vildu bæta þjónustu við þessa nemendur og efla kennslu og þverfaglega umgjörð kringum þá. Verkefnið breyttist eftir að í ljós kom að ekki fékkst fullur styrkur. Ákveðið var að draga frístundaheimilin úr verkefninu og bjóða fleiri skólum að taka þátt. Úr varð að Kelduskóli bættist í verkefnið. Ekki fengust skýr svör varðandi fjármögnum á hluta Sigríðar Ólafsdóttur fyrr en í febrúar en þá sagði hún sig frá verkefninu vegna anna.

Ráðinn var verkefnastjóri frá 1. ágúst út skólaárið til þess að halda utan um verkefnið og vera tengiliður milli skólanna. Verkefnastjóri hélt utan um verkefnið, stýrði reglulegum teymisfundum með kennurum sem koma að kennslu nemenda með íslensku sem annað mál, setti á stofn og hélt utan um Facebook síðu hópsins þar sem upplýsingum var miðlað, útbjó verkefnamöppur fyrir hvern skóla og miðlaði upplýsingum frá ráðstefnum og málþingum á fundum.

Verkefnastjóri safnaði í gagnabanka efni sem nýtist almennum kennurum í kennslu þessa nemendahóps. Milli mála próf og orðalistar voru lagðir fyrir nemendur til meta stöðu þeirra.

Covid-19 faraldurinn hafði áhrif á framgang verkefnisins og kennsla og utanumhald um þennan nemendahóp varð ekki sem skyldi. Verkefnið var upphaflega hugsað til þriggja ára en þar sem styrkurinn var lægri en ráðgert var

þurfti að breyta áherslum. Ekki verður framhald á þessu verkefni og lýkur því í júní 2020.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Þar sem Sigríður Ólafsdóttir kom ekki inn í verkefnið eins og áætlað var breyttust áherslur talsvert. Því miður náðist ekki að nýta rannsóknir og gagnlegar aðferðir út frá þeim eins og áætlað var.

Meira upplýsingaflæði og samráð var milli kennara í íslensku sem öðru máli. Nemendur fengu fleiri tíma þar sem kennari í íslensku sem annað mál kom að kennslu, bæði inni í bekk og í námsveri. Þjónusta við þennan nemendahóp jókst og gera má ráð fyrir betri árangri, glaðari og öruggari nemendum.

Í skólunum eru nú til gagnabankar sem nýst geta almennum kennurum til að mæta þörfum nemenda með íslensku sem annað tungumál.

4. Mat á verkefninu

Að hluta til var markmiðum verkefnisins náð. Nemendur fengu markvissari kennslu, fleiri kennslustundir og meiri samvinna varð á milli kennara þessa nemendahóps. Hins vegar náðist ekki sú fræðsla og handleiðsla sem Sigríður átti að sjá um. Ekki var unnið stöðumat í upphafi vetrar né í lokin. Að hluta til skýrist það af því að háskólasamfélagið kom ekki inn í verkefnið.

Mat á verkefninu var óformlegt og unnið á teymisfundum. Hver þátttakandi skilaði skriflegu mati á verkefninu og allur hópurinn tók sama punkta út frá því. Kennarar í teyminu voru sammála um að það sem gekk vel og gagnaðist þeim mest eftir vinnu vetrarins væri teymisfundirnir, það að geta átt samtal og miðlað reynslu innan hópsins. Facebook síðan þótti einnig gagnleg til skoðanaskipta og gagnlegt að hafa aðgang að verkefnabanka.

Vegna breytinga á verkefni hefði þurft skýrara verklag. Leggja hefði þurft meiri áherslu á uppbyggingu kennsluhátta og aðferða út frá stöðu nemenda og getu. Umsjónarkennurum skólanna var boðið að hafa samband við verkefnisstjóra vegna aðstoðar við val á námsefni og öðru tengt kennslu nemenda með íslensku sem annað mál en nýttu það lítið.

Á Covid-19 tímabilinu var kennsla nemenda stopul og bitnaði það líka á þessum hópi. Teymisfundir féllu niður og kennarar þurftu að finna nýjar leiðir til að mæta þörfum nemenda. Verkefnastjóri bjó til verkefni, á þessu tímabili, sem hann deildi á Facebook-síðunni fyrir þá sem gátu nýtt sér það.

5. Greinargerð um notkun styrkfjár

Styrkfjárhæð fór í hluta af launum verkefnastjóra en skólarnir stóðu straum af öðrum kostnaði. Skólarnir stóðu straum af eftirfarandi kostnaði:

- Laun verkefnastjóra að frádreginni styrkuppþæð
- Aukið kennslumagn
- Akstur milli starfsstöðva
- Námskeiðskostnaður
- Námsgögn og rekstrarkostnaður í tengslum við verkefni/kennsluefni

6. Kynning

Verkefnastjóri kom inn á kennarafundi og kynnti verkefnið í hverjum skóla fyrir sig. Teymi varð til utan um verkefnið og er fyrirhugað að það hittist áfram til að skipast á hugmyndum og einnig verður Facebook síðan áfram opin í þeim tilgangi.

Möppur með gögnum eru fyrirleggjandi í skólunum og afraksturinn verður kynntur á haustdögum. Þá eru rafræn gögn aðgengileg í hverjum skóla.

Fylgiskjöl

Fylgiskjöl frá verkefnastjóra

Nytsamir hlekkir til að leita að verkefnum fyrir nemendur í íslensku 2

- Vefur Kópavogsbæjar: <https://fjolmenning.kopavogur.is/grunnskolar/>
- Vefur frá Háskólanum á Akureyri: https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/05/cropped-flower_59.png
- Tungumálatorg: https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/05/cropped-flower_59.png
- Menntamálastofnun: <https://mms.is/frettir/fjoltyngi-er-fjolkyngi>
- Menntamálastofnun: <https://mms.is/krakkavefir>
- Læsi og þroski tvítyngdra:
http://tungumalatorg.is/laesiallramal/?portfolio_tags=fjoltyngi
- Miðja máls og læsis, fræðsla um tvítyngi:
https://www.greining.is/static/files/2019/Vorradsstefna_2019/kriselle_lou_suson_jonsdottir.pdf
- Tvítyngi og læsi: <https://lesvefurinn.hi.is/node/147>
- Skólavefurinn: <https://skolavefurinn.is/namsgreinar/islenska-2>
- Orðasjóður: <https://mms.is/en/namsefni/ordasjodur-verkefni-pdf>
- Quizlet : Smáforrit
- með æfingum fyrir íslensku 2

- Kahoot: Smáforrit með æfingum fyrir íslensku 2
- Bitzboard: Smáforrit með æfingum fyrir íslensku 2

Smáforritalisti fyrir kennslu í íslensku 2

- Drops icelandic
- Orðagull
- Orðaleikurinn
- Strærðfræðileikurinn
- Icelandic lite
- Goggletranselate
- Quizlet
- Kahoot
- Stafirnir okkar
- Orðaflipp
- Froskaleikurinn – skólameistarinn-listinn að lesa
- Lærum og leikum með hljóðin-allt efnið
- Bitsboard pro
- Book creator

Annað sem hægt er að nota í spjaldtölvu en er gagnvirkt eða er unnið í gegnum netið.

- Leikur að orðum
- Akmennt-íslenska sem annað mál-ýmis verkefni
- Skolavefurinn